# SAGA2KK05

***Búið til:*** *Mon, 17 Feb 2020 12:59:56 GMT*

**Titill**
Klárar konur
**Skammstöfun**
SAGA2KK05
**Útgáfunúmer**
43
**Námsgrein**
saga
**Viðfangsefni**
Klárar konur
**Staða**
Samþykkt af skóla
**Þrep**
2
**Einingafjöldi**
5
**Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla**
**Lýsing**
Í þessum áfanga er lögð áhersla á að draga fram hlutverk kvenna í mannkynssögunni og leita upplýsinga um hvað þær hafa gert til að móta hana. Fjallað er um mismunandi tímabil í sögunni, bæði á Íslandi og alheimsvísu. Skoðuð eru ólík svið sögunnar, til dæmis vísindi og listir, og hvernig konur hafa átt sinn þátt í þeim, bæði sem listamenn og persónur í listaverkum. Einnig er framlag kvenna til jafnréttisbaráttu í víðu samhengi skoðað, sem og konur sem áhrifavaldar.
**Forkröfur**
**Þekkingarviðmið**
**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- Hlutverki kvenna í mannkynssögunni frá upphafi
- Kvenkyns áhrifavöldum á mismunandi sviðum
- Hvað konur hafa lagt af mörkum við rannsóknir
- Framlagi kvenna til lista, vísinda, stjórnmála og annarra þátta þjóðlífs
- Konum sem skáldsagnapersónum
- Baráttunni um jafnrétti

**Leikniviðmið**
**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- Skoða söguna á gagnrýninn hátt m.t.t. kynja
- Meta hvaða áhrif konur hafa haft á söguna
- Miðla þeirri þekkingu sem aflað er í áfanganum á skýran hátt
- Leita upplýsinga um efnið á fjölbreyttan og gagnrýninn hátt

**Hæfniviðmið**
**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- Gera sér grein fyrir áhrifum kvenna á mannkynssöguna
- Rökstyðja hvaða áhrif konur hafa haft á sögu, listir ofl.
- Meta og útskýra atburði á gangrýninn hátt

- Geta leitt líkum að hver staða kvenna nútímans verður í sögu framtíðarinnar
- Taka þátt í umræðu um þátt kvenna í sögunni
- Miðla þeirri þekkingu sem aflað er með fjölbreyttum aðferðum og af víðsýni

**Námsmat**

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega og skili öllum verkefnum.

**Skólar**

**Fyrirmynd**